

6. stjórnarfundur Hvanneyrarbúsins ehf.

Ásgarði, Hvanneyri 7. desember 2017, kl. 13:00

Mættir: Þóroddur Sveinsson (formaður), Egill Gunnarsson (bústjóri), Auður Magnúsdóttir (fundaritari) og Pétur Diðriksson (meðstjórnandi).

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta aðalfundar formlega samþykkt. Ræddar voru tillögur frá BDO endurskoðendum í ársreikningi. Bókhald búsins er í mjög góðu lagi en félaginu bent á mikilvægi þess að aðgreina skýrt störf er snúa að skráningu og meðhöndlun fjármuna. Lagt til reglubundið innra eftirlit. BDO mælti einnig með því að nota s.k. lánadrottnakerfi í bókhaldinu. Nú þegar er talsverð aðgreining starfa við skráningu og meðhöndlun fjármuna félagsins en samþykkt að Auður ræddi þetta mál frekar við rekstrarstjóra og skrifstofustjóra Lbhí. Lánadrottnakerfið er þegar komið í gagnid.
2. Formaður og bústjóri skýrðu frá fundi með rektor og rekstrarstjóra Lbhí um endurskoðun á þjónustusamningi félagsins við Lbhí og endurnýjun á haughúsi fjóssins. Núverandi haughúskerfi er ónýtt og stenst ekki reglugerðir um geymslu og dreifingu á búfjáráburði. Bústjóri fékk RML til að gera verklýsingu og kostnaðaráætlun fyrir nýjum haughústanki sem hljóðar upp á um 10-11,5 milljónir króna. Það er á ábyrgð eiganda (leigusala) að fjármagna nýtt haughús. Lbhí þarf því að fá fjárveitingu í þessa framkvæmd. Bústjóra falið að gera skriflega aðgerðaráætlun til stjórnar Lbhí um framkvæmdina og mögulegar fjármögnunarleiðir.

Rektor og rekstrarstjóri voru ekki tilbúin að endurskoða þjónustusamning félagsins við Lbhí á þessum tímamarki. Bústjóri tók saman á minnisblaði aukavinnu starfsmanna félagsins vegna þjónustu við Lbhí. Mesta vinnan tengist kennslu í búfræði en einnig er talsverð vinna sem fer í gestamóttöku fyrir Lbhí og vegna lokaverkefna nemenda háskóladeildar. Samtals varlega áætlað gerir það um 60 vinnudaga sem fara í þjónustu við skólann af hálfu búsins.
3. Bústjóri fór yfir rekstrarstöðu búsins á árinu til loka september og framtíðarhorfur. Allar hagtölur eru jákvæðar og útlitið gott á næsta ári. Lausafjárstaða verður viðunandi um áramót. Mjólkurframleiðslan og þar með tekjur aukast á milli ára. Árskúm hefur fjölgað sem og ársnyt (kg innlögð mjólk/árskú) og magn innlagðrar mjólkur stefnir í 540.000 lítra árið 2017 sem er nálægt Íslandsmeti fyrir einn mjólkurróbót. Þrátt fyrir þetta heldur kjarnfóðurgjöfin á árskúnna áfram að minnka milli ára. Búið hefur nýlega staðist aftur kröfur um fyrirmyndarbú MS.
5. Formaður hefur tilkynnt rektor að hann óski eftir því að fara úr stjórn félagsins um næstu áramót.
6. Fundi slitið 14:57.